

Efni: Fundur í umhverfisnefnd Þelamerkurskóla mánudaginn 4. október 2010

Mættir voru fulltrúar nefndarinnar sem eru:

Sverrir Haraldsson húsvörður, Unnar Eiríksson aðstoðarskólastjóri , Sigríður Guðmundsdóttir formaður, Sigríður Svavarsdóttir Auðnum fulltrúi foreldra, Sesselja Ingólfsdóttir fulltrúi starfsfólks og fulltrúar nemenda sem eru Hildur Helga (2. bekk), Benedikt Sölvi (4. bekk), Beggi (6. bekk), Diðrik (7. bekk) og Karl (10. bekk).

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið á fyrsta fund vetrarins.

1. mál

Kynning á moltugerð. Unnar kynnti moltugerð og studdist við bækling frá fyrirtækinu Borgarplasti. Kynningin var í nokkrum hlutum og hóf Unnar kynninguna á því að fara yfir í nokkrum orðum stöðu í sorpmálum samkvæmt tölum frá Sorpu. Þar kemur meðal annars fram að við Íslendingar erum komnir frekar stutt á veg miðað við aðrar þjóðir.

Á Íslandi er heildarheimilsúrgangur um 300 – 350 kg á ári. Þar af er lífrænn úrgangur um 100 kg. Því skiptir miklu máli að hefja moltugerð í skólanum og kynna framkvæmd þess fyrir nemendum. Unnar sagði frá því hvað molta væri og hvaða efni þyrftu að vera í moltukassanum til þess að moltugerðin heppnist. Einnig hvaða efni mætti ekki setja í kassann. Jarðgerðin snýst að nokkru leyti um að ná upp réttu rakastigi í ílátinu. Heimilisúrgangi og grófu þurrefni er blandað saman og æskilegu rakastigi náð með ákveðnu magni af þurrefnum á móti blautefnum, þ.e. ein rúmmálseining af grófu þurrefni á móti 3 rúmmálseiningum af grænmeti og ávöxtum og ein rúmmálseining af þurrefni á móti einni rúmmálseiningu af kjöti og fiski. Þegar efnið er of blautt verður það samklesst og það gefur vonda lykt.

Einnig fór Unnar yfir helstu vandamál sem upp koma í moltugerðinni og undirbúning gangsetningar. Þrátt fyrir að jarðgerð sé ekki hafin í skólanum hefur mikill hluti lífræns úrgangs verið nýttur til skepnufóðurs í sveitinni.

Einnig var stuttlega rætt hvernig vinnunni við moltugerðina verður skipt niður á milli bekkjana og var ákveðið að Unnar og Sigga sjái um það. Stefnt er að því að moltugerðin hefjist mánudaginn 11. október. Sverrir ætlar að taka upp hellur undan moltukössunum og fá krakkana í nefndinni til að hjálpa sér. Unnar og Sigga og nefndarkrakkar í hverjum samkennsluhóp ætla að fara yfir flokkunina með nemendum og ítreka það hvernig eigi að flokka í mótuneytinu. Bréfpurrkur mega t.d. ekki fara með lífræna úrganginum en það er gerist ansi oft. Þurfum einnig að setja niður skipulag milli bekkja um umhirðu á moltukassa.

2. mál

Markmið vetrarins. Formaður fór yfir markmið síðasta vetrar og rætt hvaða markmiðum við náðum og hver eru eftir. Þau markmið sem við náðum ekki var að planta berjarunnum á skólasvæðinu. Kynning á friðlýstum stöðum í sveitarfélaginu fór ekki fram nema að litlu leyti. Unnar og Sigga ætla að setja niður drög að markmiðum og kynna síðan fyrir umhverfisnefndinni og fá álit þeirra.

3. mál

Verkefni nefndarkrakka á næstunni.

Það þarf að skipta um laufblöð á umhverfissáttmálatrénu okkar og krakkarnir í nefndinni verða með í að taka nöfn fyrrverandi 10. bekkinga niður og setja nöfn 1. bekkinga upp.

Þegar markmiðin eru tilbúin þarf að skipta út þeim markmiðum sem hafa náðst og setja upp ný markmið á markmiðsveggnum okkar niðri.

Rætt var um fundartíma og fjölda funda. Stefnt að því að funda 2x fyrir jól (okt. og nóv.) og 3x eftir jól (jan, mars og maí).

Fleira ekki gjört

Unnar Eiríksson fundarritari.